

Tinova Wood Cleaner

Pallahreinsir



Efnislýsing

Tinova Wood Cleaner er sterkt, lútkennt hreinsiefni með bleikingar-eiginleika. Efnið er ætlað til notkunar á sólpöllum, útihúsgögnum og öðru tréverki utanhúss þar sem fjarlægja þarf óhreinindi, gamlar olíur eða gráma. Gætið sérstakrar varúðar í nálægð við gróður og garðplöntur sem geta skaðast við snertingu af efninu. Þekið gróður og steinfleti með plastábreiðu.

Meðhöndlun

1. Bleytið flötinn vel með vatni. Berið Tinova Wood Cleaner á viðinn sem hreinsa skal með pensli, kústi eða rúllu. Til þess að ná sem bestum og skjótustum árangri skal nota efnið óþynnt.
2. Þvoið 2-3 metra í einu og látið efnið liggja í 10-20 mínútur. Virknin í efninu hættir ef flöturinn þornar.
3. Skolið og skúrið flötinn vandlega með vatni uns allt hreinsiefnið hefur verið fjarlægt. Ef óhreinindin hafa ekki að fullu horfið má endurtaka þvottinn. Athugið að engar leifar af hreinsiefninu mega verða eftir áður en flöturinn er meðhöndlaður frekar. Hægt er að nota léttan háprýstipvott eftir að búið er að bera efnið á en varast skal þá að skemma viðinn.
4. Látið yfirborðið þorna vel í að minnsta kosti 1-3 daga eftir aðstæðum. Efnið yfir aðeins upp viðinn og í sumum tilfellum er gott að slípa létt yfir.
5. Berið á Tinova Traditional Allround Oil eða Kínaolíu.

Heilsufars- og umhverfismál

Notið hlífðargleraugu og hanska. Lokið dósinni tryggilega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll; skilið þeim til endurvinnslustöðva ásamt tónum umbúðum. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Pakkningar: 5 lítra brúsar

Notkun: 1 lítri á u.þ.b. 6-8 fermetra. Fer mikið eftir viðartegund og ástandi viðarins

Athugið: Tinova Wood Cleaner ætir gler, ál og aðra fleti sem eru viðkvæmir fyrir alkálí.